



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2016-074U018**

Dagsetning: **17. september 2016**

Staðsetning: **Útnesvegur við Hnausa**

Atvik: **Útafakstur**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Staðsetning

**Látinn:**

37 ára karlmaður.

Veður og birta:

Myrkur, engin ofankoma.

Vegur:

Bundið slitlag. Þurrt yfirborð. Hámarkshraði 90 km/klst.
Meðaltalsumferð á sólarhring er 496 ökutæki.

Tími sólarhrings:

Rétt fyrir miðnætti.

Ökutæki:

Toyota Land Cruiser, nýskráð 1997.

Samantekt

Rétt fyrir miðnætti laugardaginn 17. september 2016 var bifreið ekið út af Útnesvegi á Snæfellsnesi þar sem hún valt nokkrar veltur. Tveir aðilar voru í bifreiðinni, báðir þreyttir, undir áhrifum áfengis og ekki spenntir í öryggisbelti. Annar þeirra kastaðist út úr bifreiðinni og lést af völdum áverka sem af hlutust. Hinn kastaðist til og að hluta út úr bifreiðinni, hann hlaut alvarleg meiðsli.

Lýsing á slysi

Rétt fyrir miðnætti laugardaginn 17. september 2016 varð alvarlegt umferðarslys á Útnesvegi á Snæfellsnesi. Ökumaður Toyota Land Cruiser bifreiðar á leið austur Útnesveg ok út í vegkantinn hægra megin og missti síðan stjórn á bifreiðinni við að koma henni upp á veginn aftur með þeim afleiðingum að hún fór út af veginum hægra megin og valt þar utan vegar. Í bifreiðinni var einn farþegi í framsæti auk ökumanns. Försáust á vettvangi eftir hjól bifreiðarinnar í malarkanti hægra megin. Försin í vegöxlinni voru um 30 metra löng. Ökumaðurinn beygði aftur inn á veginn og stefndi við það út af veginum vinstra megin. Hjólför sýndu að ökumaðurinn hafi þá tekið snögga beygju aftur til hægri með þeim afleiðingum að bifreiðin fór að skríða til á veginum og lenti út af honum hægra megin.



Mynd 1: Mynd tekin í akstursátt bifreiðarinnar. Sjá má beygjuför eftir að bifreiðinni var beygt snöggt til hægri með þeim afleiðingum að hún fór að skríða til á veginum.

Þar sem bifreiðin fór út af veginum er nokkuð há brekka niður af veginum. Bifreiðin valt niður vegfláann og stöðvaðist á hvolfi á engi fyrir neðan veginn. Ferill bifreiðarinnar utan vegar var um 76 metrar. Hvorki ökumaður né farþegi voru spenntir í öryggisbelti og kastaðist annar þeirra út úr bifreiðinni í veltunni. Hinn kastaðist til inni í bifreiðinni og út að hluta, hann festist með annan fótinn undir þakinu og slasaðist talsvert. Að hans sögn man hann ekki eftir slysinu né aðdraganda þess m.a. ekki eftir því hver ok bifreiðinni. Engin vitni voru að akstri bifreiðarinnar.

Áverkar

Hvorki ökumaður né farþegi voru spenntir í öryggisbelti. Annar lést vegna banvænna fjörláverka. Hinn slasaðist alvarlega á fæti í slysinu.

Ökutækið

Bifreiðin var af gerðinni Toyota Land Cruiser 90, nýskráð 1997. Bifreiðin hafði verið færð til skoðunar 22. febrúar 2016 og var með gilda skoðun. Bifreiðin aflagaðist talsvert í slysinu, sér í lagi þak hennar fyrir ofan sæti ökumanns og farþegasæti fram í.

Ökuhraði

Útreikningar á hraða bifreiðarinnar benda til þess að hraðinn hafi verið um 90 km/klst rétt áður en hún fór út af veginum.

Vegur og umhverfi

Á slysstað liggur vegurinn á beinum kafla niður hæð. Rétt vestan við fyrstu hjólför eftir bifreiðina á vettvangi er mjúk vinstri beygja. Óbrotin lína er fyrir umferð í vestur en hálfbrotin fyrir umferð í austur. Vegbreidd er um 6 metrar. Halli vegfláans er 1:3 og er vegurinn tæpum 4 metrum fyrir ofan staðinn þar sem bifreiðin stöðvaðist.



Mynd 2: Mynd tekin í akstursátt bifreiðarinnar af þeim stað þar sem bifreiðin fór út af veginum.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstaða áfengisrannsóknar á bæði ökumanni og farþega leiddi í ljós að þeir voru undir áhrifum áfengis þegar slysið varð. Einnig kom fram við rannsókn málsins að þeir voru báðir þreyttir vegna mikils vinnuálags.

Orsakagreining

- Ökumaður bifreiðarinnar var óhæfur til aksturs vegna ölvunar og þreytu
- Ökumaðurinn brást rangt við með því að sveigja of krappt til vinstri inn á veginn eftir að hafa misst bifreiðina út á vegöxlina hægra megin
- Hvorki ökumaður né farþegi, sem báðir voru ölvaðir, voru spenntir í öryggisbelti og kastaðist sá sem lést út úr bifreiðinni í slysinu

Ábendingar

Ölvunarakstur og notkun öryggisbelta

Undanfarin ár hefur ölvunarakstur verið algeng orsök banaslysa í umferðinni. Eins og alþekkt er hafa vímuefni áhrif á dómgreind neytenda og skynjun umhverfis. Áfengismagn í blóði þarf ekki að vera mikið til að áhrifin skerði einbeitingu hins ölváða, sjónsvið minnkar og fjarlægðarskyn versnar. Eftir því sem ölvun eykst, lengist viðbragðstími og hreyfistjórnun og rökvísi skerðast. Við rannsókn málsins kom fram að ökumaðurinn og farþeginn höfðu að auki verið undir álagi vegna vinnu. Ölvunarakstur og þreyta eru meðal helstu orsaka banaslysa í umferðinni. Áfengisneysla, jafnvel í litlum mæli í bland við ónægan svefn, skerðir ökuhæfni verulega.

Uppræta þarf það hættulega sjónarmið sumra að það sé í lagi að aka eftir neyslu áfengis. Að mati Rannsóknarnefndar samgönguslysa er nauðsynlegt að halda áfram að koma þeim skilaboðum á framfæri við ökumenn að þeir aki ekki eftir að hafa nýtt áfengis og/eða annarra vímuefna og að þeir aki ekki þreyttir.

Bendir nefndin jafnframt á að mikilvægt sé að aðstandendur og vinir sem verða vitni að því að menn hyggist aka undir áhrifum áfengis aftri þeim frá því. Samtakamáttur samfélagsins getur skipt sköpum í baráttu gegn þessu þjóðfélagsmeini.

Viðbrögð ökumanns þegar annað hjólið fer út fyrir slitlag

Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur áður rannsakað alvarleg umferðarslys þar sem ökumaður missir hjól bifreiðar út af slitlagi. Hætta er á að hann missi stjórn á bifreiðinni þegar sveigt er snögglega inn á veginn aftur. Ef hjól fer út fyrir slitlag er mikilvægt að ökumenn reyni að halda ró sinni, taki fót af inngjöf og beygi rólega inn á slitlagið sé þess kostur.

Sjá nánar á vef Samgöngustofu:

<https://www.samgongustofa.is/umferd/fraedsla-og-oryggi/fraedsla/bifreidar-og-almenn-fraedsla/Hjol-ut-fyrir-vegbrun>

Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Inga Hersteinsdóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson
Stjórnandi rannsókna

Reykjavík 25. apríl 2018
Rannsóknarnefnd samgönguslysa